Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Ert þú áskrifandi að vikublaði verkafólks?

Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

41. tölublað | Þriðjudaginn 22. nóvember | 6. árgangur. | Verð kr. 60.

Hækkun álagninga



Skyldi verslun vera stunduð af hugsjónaástæðum?

Fyrir skömmu hélt Verðlagsráð sinn 300asta fund. Á þeim tímamótum þótti meirihlutanum í ráðinu hæfa að gera samþykkt, sem færa mun a.m.k. 3000 milljónir á einu ári úr vasa launafólks til eigenda verslunarfyrirtækja og heildsala. Samþykkt var 10% hækkun álagningar bæði í heildsölu og smásölu. Mun hækkunin sennilega valda að meðaltali um 2-3% vöruverðshækkun. Hækkun þessi kemur í kjölfar eindreginna krafna verslunareigenda, sem hafa eins og aðrir íslenskir atvinnurekendur verið iðnir við að barma sér yfir bágum hag. Ef trúa ætti þeim eymdarsöng, mætti ætla að ekki væri fýsilegt að stofna verslunarfyrirtæki, vegna þess hve leyfileg álagning er lág. Það er þó alkunn staðreynd, öllum þeim sem vita vilja, að undanfarið hafa húsgagnaverslanir sprottið upp, matvöruverslanir hafa keppst við að veita afslátt frá leyfilegri álagningu og stöðugt er verið að opna nýjar fataverslanir. Því á almenningur í landinu erfitt með að trúa fullyrðingunum um hina "gífurlegu erfiðleika verslunarinnar". Hækkunin nú er þó að áliti hagspekinga verslunarinnar aðeins tímabundin lausn á vandanum. Vandinn verði ekki leystur fyrr en verslunarálagning verði alveg gefin frjáls. Þá muni hagur verslunarfyrirtækjanna blómstra og þá muni samkeppnin frjálsa leiða af sér stórlega lækkað vöruverð. Þessar kenningar njóta að vonum lítils fylgis almennings, en verslunarauðvaldið kann aðrar leiðir til að ná fram sínu markmiði og þeim aðferðum mun það vissulega beita. Heildsalar og fjársterkir kaupmenn eiga digra sjóði, sem enn munu gildna við hækkun álagningarinnar, og þeir eru fúsir til að verja hluta þeirra til að greiða í kosningasjóði og stuðla þannig að kjöri þeirra flokka "sem vilja hag verslunarinnar sem mestan". Og til þess var væntanlega greiðinn gerður.

Verðlagsráð.

Reynslan af störfum Verðlagsráðs hefur sýnt, að það er lítill sem enginn hemill á verðhækkanaskriðuna. Enda er því í raun ekki ætlað það hlutverk, heldur er það eingöngu eitt þeirra tækja, sem borgararnir hafa komið sér upp til að reyna að hylja stéttarlegt eðli aðgerða sinna. Ráðið á að teljast hlutlaus aðili, þar sem í því sitja auk fulltrúa atvinnurekenda og ríkisvalds þrír fulltrúar frá samtökum launafólks. Ríkisfulltrúarnir snúast hins vegar ætíð á sveif með atvinnurekendum þegar á reynir og er ráðið því eingöngu tæki borgaranna við að ná aftur þeim launahækkunum sem verkafólk og samtök þess hafa knúið fram.

Kjararánsaðgerðir.

Núna 1. desember mun koma nokkur hækkun á laun verkafólks, bæði bein launahækkun sem ASÍ samdi um fyrir sína félaga í vor, og auk þess vísitölubætur vegna óðaverðbólgunnar. Þessarri hækkun, sem kemur ekki til útborgunar hjá fólki með mánaðarlaun fyrr en í lok desember hyggjast borgararnir ná aftur (jafnvel áður en hún kemur til útborgunar) með

frh. á bls. 3

Sókn til málfrelsis á Íslandi

Nýlega var stofnaður sjóður til verndunar málfrelsi á Íslandi. Þessi sjóðsstofnun kemur í beinu framhaldi af málaferlum þeim, sem hafin voru á hendur þeim sem voguðu sér að gagnrýna VL-menn opinberlega. Hefur það mál þegar vakið heimsathygli, íslensku réttarfari síst til vegsemdar. Stofnun sjóðs með þessu markmiði var rædd af miklum áhuga meðal herstöðvaandstæðinga í sumar og er að vænta góðs stuðnings af þeim. Kommúnistar berjast ötullega gegn öllum tilraunum auðvaldsins til að hefta málfrelsi alþýðunnar og vill Stéttabaráttan því hvetja fólk til að styðja sjóðinn. Hér á eftir fer ávarp frá stofnendum.

"Allt frá tímum frönsku stjórnarbyltingarinnar hefur skoðana- og tjáningarfrelsi verið einn af hornsteinum þess lýðræðis, sem þjóðir um norðanverða Evrópu og Ameríku hafa hyllt og leitast við að festa í sessi. Réttarþróun í þessum efnum hefur mjög gengið í þá átt að rýmka málfrelsi í stjórnmálaumræðum.

Samkvæmt stjórnarskrá Íslands eiga þessi réttindi að vera tryggð Íslendingum, en með framkvæmd gildandi laga ákvæða um meiðyrði er hætta á að þessum réttindum verði í raun settar óæskilegar og ónauðsynlegar skorður.

Tilefni þessa ávarps eru dómar þeir, sem nýlega hafa verið kveðnir upp í Hæstarétti vegna ummæla sem fallið hafa í umræðu um hersetuna, eitt heitasta deilumál þjóðarinnar síðustu þrjá áratugi. Með þeim hefur mörgum einstaklingum verið gert að greiða háar fjárhæðir í málskostnað og miskabætur handa stefnendum.

Undirritaðir telja nauðsynlegt, að tryggt verði fyllsta frelsi til umræðu um málefni sem varða almannaheill, og til óheftrar listrænnar tjáningar. Meðan þetta frelsi er ekki ótvírætt tryggt, teljum við höfuðnauðsyn að slá skjaldborg um málfrelsið og höfum í því skyni ákveðið að beita okkur fyrir stofnun Málfrelsissjóðs. Málfrelsissjóði verður ætlað það hlutverk að standa straum af kostnaði og miskabótum vegna meiðyrðamála, þegar stjórn sjóðsins telur að með þeim séu óeðlilega heftar umræður um mál sem hafa almenna samfélagslega eða menningarlega skírskotun.

Skorum við á Íslendinga að styrkja sjóðinn með fjárframlögum."

Gírónúmer sjóðsins er: 31800-0 en skrifstofa sjóðsins er að Laugavegi 31 (Alþýðubankahúsinu) og er hún opin milli kl. 13 og 17 sími 2 94 90.




Aðstandendur VL-undirskriftanna bera gögnin inn í Alþingishúsið. Eiga sumir menn að vera vendaðir gegn gagnrýni með lögum.

Hin tíu megin-tengsl

sjá bls. 3

Úr fréttabréfi Verkalýðsfélags Vestmannaeyja

sjá baksíðu



Því var lokun frystihúsanna ekki hindruð?

Enn er ekki búið að opna frystihús Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar eftir að því var lokað í ágúst síðastliðnum. Flest önnur frystihús eru tekin til starfa aftur og sumum var aldrei lokað vegna hótanna verkalýðshreyfingarinnar um aðgerðir.

Á Akranesi krafðist forysta verkakvennadeildarinnar þess að fá að taka við rekstrinum þegar eigendur Haralds Böðvarssonar og co hótuðu lokun. Þetta voru rétt vinnubrögð sem báru árangur sem mikilvægt er að læra af. Annars staðar eins og til dæmis í Hafnarfirði neitaði forysta verkalýðsfélagsins að hafa afskipti af málinu og fyrir austan fjall var stjórnum verkalýðsfélaganna synjað um stuðning frá ASÍ forystunni hér í Reykjavík. Verkalýðsforystunni hefði verið í lófa lagið að koma í veg fyrir lokun allra frystihúsanna á grundvelli ákvæðis í vinnulöggjöfinni um geðþóttauppsagnir. Eðvarð Sigurðsson hefur upplýst það að þessu ákvæði var beitt til að hindra lokun Bæjarútgerðar Reykjavíkur Ef vilji hefði verið hjá forystumönnum ASÍ hefði mátt hindra lokun húsanna annars staðar á sömu forsendum. En það er sama gamla sagan, forystumenn ASÍ vilja ekki leggja út í baráttu við auðvaldið, heldur hafa við það góða samvinnu.

Þetta er ótækt og algjörlega í andstöðu við hagsmuni verkafólks og enn ein sönnunin á því að innan verkalýðshreyfingarinnar eru menn sem eiga þar ekki heima. Ef ekki er staðið á hagsmunum okkar af fyllstu hörku, ganga atvinnurekendur á lagið, því eins og sagan kennir okkur höfum við orðið að berjast um hvern og einn ávinning sem við búum við í dag.

LEIÐARI

Verðbólga og fjárhagsáætlanir

Það er nokkuð athyglisvert hversu umræður stjórn - málamanna um verðbólgu og tilraunir stjórnvalda til að stemma stigu við henni hafa fært okkur ófullburða leiðir til lausnar þessum vanda. Fjölmargar leiðir eru nefndar eins og hækkun vaxta til samræmis við verð bólgu, barátta stjórnvalda gegn launahækkunum er önnur; og sú þriðja er minni umsvif ríkisins í framleið slunni. Ef þessar lausnir eru lagðar saman og skoðað- ar í tengslum við nýjustu aðgerðir stjórnvalda í efna- hagsmálum er nokkuð ljóst hvert stefnir og við hverju megi búast næstu mánuði og á komandi árum.

Í gervöllum auðvaldsheiminum hafa einkenni efnahags kreppunnar stöðugt komið betur í ljós, samdrátturinn í framleiðslunni er nú að taka við af verðbólgunni, sem aðaleinkenni. Þetta kemur fyrst fram í framleiðslu á framleiðslutækjum og allri slíkri frum framleiðslu, einnig námugreftri og slíku. Eðlilega höfum við því ekki fundið svo mjög fyrir þessum samdrætti enn þá, en þó bendir ýmislegt til að verið sé að færa hingað heim hrun þessa þáttar framleiðslunnar. Hér er átt við verksmiðjuna á Grundartanga, en hún er einmitt meið- ur af þeim þætti framleiðslunnar þar sem kreppan hef- ur tekið við af hagvextinum, sölutregða og verðfall í stað verðhækkunar.. Nýjustu tölur sýna að ef Járn- blendiverksmiðjan væri tekin til starfa nú, væri hallinn á rekstrinum um 1000 milljónir króna. Á þessu ætti öllum að vera augljóst að rekstur slíkrar verksmiðju kemur auðvitað ekki til greina séð út frá hagnaðar sjón armiðum. Norski auðhringurinn sem er annar eignar aðilinn að verksmiðjunni og á jafnframt minnihluta í verksmiðjunni yrði sennilega ekkert allt of áfjáður í að halda slíkum taprekstri gangandi. Ef starfræksla verksmiðjunnar væri hafin væri eins líklegt að nokkur hundruð íslendinga hefðu fengið að kynnast atvinnuleys- inu nú þegar.

Í sambandi við verðbólguna og baráttu gegn henni er nokkur ástæða til að skoða hvaða möguleika ríkið og stjórnvöldhafa til að berjast gegn henni. Ef gengið er út frá því að hægt sé með skynsamlegum fjárfestingum og sæmilegri heildarskipulagningu fjármála að stemma stigu við stjórnlausri verðlagsþróun. Í framhaldi af þessu skulum við athuga möguleika stjórnvalda við okkar efnahagskerfi. Að vísu er lögð fram áætlun af hálfu ríkisins, um það hvernig ríkið hefur áætlað að fjárfesta á komandi ári, svo kallað fjárlagafrumvarp. Frumvarpið og þær aðgerðir sem þar eru boðaðar, þurfa ekki endilega að vera sjálfar orsök verðbólgunnar Því að þegar grannt er skoðað kemur nefnilega í ljós, að frumvarp stjórnvalda segir ekki nema að hluta frá þeim fjárhagsáætlunum sem gerðar eru á ári hverju. Í hverju einasta fyrirtæki eru líka gerðar áætlanir, áætlanir sem eiga að færa höfundum sínum gróða og til þess verður að beita öllum tiltækum ráðum, því margir eru um hituna. Yfir öllu þessu einkafjármagni hefur ríkið ekkert að segjaog vitað er að ekki verður lagt í neitt, nema sem margfaldar það. Stærstur hluti af allri fjárfestingu er þannig olía á verðbólgubálið. Í mörghundruð verksmiðjum og fyrirtækjum eru útbúnar fjárhagsáætlanir sem miða að því að ná hámarksgróða, að ávaxta eigið pund sem mest í verðbólgunni. Á þessu sjáum við að það er nokkurn vegin sama hvað stjórn- málamenn finna upp margar snjallar lausnir á verð- bólguvandanum. Meðan ekki er tekist á við aðal vanda- málið; skipulagsleysið í framleiðslunni, þá verður ekki hægt að hafa stöðugt verðlag. Fólk er kannski hissa á því, hvers vegna ekki er reynt að stemma stigu við því að alls konar ósvífnir gróðahyggjumenn, séu látnir ganga svo greinilega á hagsmuni alls þorra þjóðarinnar En ef haft er í huga, hverjir það eru sem sitja í valda- stólum ríkisins og opinberra aðila, sem gæta eiga hags muna allra þegna þjóðfélagsins, fæst fljótlega skýring- in á þessu. Hvort sem það eru alþingismenn, ríkis- stjórnin, eða opinberir embættismenn, eru þeir undan- tekningar lítið tengdir gróðanum af einkafjármagninu. Þeir eru beinir eða óbeinir fulltrúar einkagróðans, sem ræður nú yfir einkafyrirtækjum og fjárfestingum þeirra og ríkisfjármagninu í gegn um fulltrúa sína. Ástandi þessara mála verður ekki breytt nema með því að verkalýðsstéttin og vinnandi alþýða hefji stórsókn til verndunar hagsmuna sinna á öllum vígstöðvum.

Afnemum ákvæðisvinnuna

frh. af baksíðu



Vinnan við að salta smá- síldartunnu er 50% meiri en að salta stórsíldartunnu. Á undanförnum árum hefur þetta verið metið í kaupi 28% hærra þó náðist fram í nýgerðum samningum að jafna þetta nokk uð (40% hærra) en því miður hefur það verið á kostnað söltunarlauna fyrir stórsíld. Það má með sanni segja að samningamenn þeir sem hafa fjallað um þessa tegund ákvæð isvinnu hafi "slumpað" á sölt- unarlaunin á undanförnum ár- um og kastað höndum til þeirra samninga.

Þegar gerður er samanburð ur á launum er venjulega tekið mið af hæstu launum og allir sem þau störf vinna taldir hafa jafnmikið úr bítum. Það er tekið mið af hásetahlut á fengsælasta veiðiskipinu, og fljótustu söltunarstúlkunni og talað svo um ráðherralaun og margföld ráðherralaun. Að sjálfsögðu er hverju þjóðfél- agi nauðsyn á að eiga afburða- fólk á sem flestum sviðum og ekki nema sjálfsagt og eðli legt að umbuna því, en það má heldur ekki gleymast að það er meðalmanneskjan sem ver- ið er að semja fyrir, það er hún sem er í meirihluta.

Söltunarstúlka sem nær meðalhraða við síldarsöltun mun enn ná því að fara yfir tímakaup í dagvinnu, en því er ekki að heilsa að síldarsöltun fari eingöngu fram 8 tíma á dag 5 daga vikunnar og þegar að næturvinnunni kemur, má hún hafa sig alla við til þess að láta söltunarlaunin sín ná tímakaupi.

Hér í Vestmannaeyjum eru nánast öll störf í fiskiðnaði unnin í tímamældri ákvæðis- vinnu og hefur grunnur þess ákvæðis jafnan haldist í hend- ur við tímakaupið eins og það er á hverjum tíma. Aftur á móti hefur ákvæðisvinna við síldarsöltun sífellt verið að dragast afturúr, með þeim af- leiðingum sem nú eru að koma í ljós.

Sú kjaradeila, sem nú er upp komin milli atvinnurekenda og verkafólks hér, hefur átt sér langan aðdraganda. Á árinu 1975 kom til tveggja staðbund inna ólöglegra verkfalla vegna megnrar óánægju verkafólks með kaup og kjör og sama sagan endurtók sig á síðast- liðnu ári og þurftu verkalýðs- félögin að taka sér nokkurs konar sáttasemjarahlutverk í þessum tifellum. Að sjálf- sögðu var í öll skiptin um bráðabirgðalausnir að ræða.

Af nýgerðum samningum er augljóst þeim sem sjá vilja, að sama sagan muni endurtaka sig, er verkafólk fer að vinna eftir þeim.

Þær kröfur sem verkalýðs- félögin hér setja fram að þessu sinni eru mjög í hóf stilltar og til þess eins fram settar að forða árekstrum á komandi hausti ef úr síldar- söltun verður.

Söltunarstúlkur vilja að hringurinn verði afnuminn og sætta sig við að fá greidd þau laun sem samið var um fyrir uppsaltaða tunnu án hrings. Þannig að þar er ekki um nein aukaútgjöld að ræða fyrir at- vinnurekendur. Verkafólk sem vinnur tímavinnu við síldar- söltun vill halda sama taxta og það hafði fyrir þau störf í síðastgildandi samningum, (2,28% hækkun).

Þær kröfur sem verkafólk heldur fast við gætu þýtt innan við 1% hækkun á söltunarkostn aði og hefði einhverntíma þótt bera vott um lítilþægni verka- fólks.

Atvinnurekendur eru hinir þverustu, bjóða upp á Hornafjarðarsamkomulagið óbreytt, en það er ekki nóg að bjóða upp á samning gerðan á einum stað, ef vinnutilhögun er ekki sú sama og hér.

Eins og horfur eru nú með samninga, er ekki útlit fyrir að söltuð verði síld hér á þess þessu hausti. Einkaframtakið sér ekki nóga gróðavon í síldarsöltun að þessu sinni og hefur því ekki áhuga fyrir samningum.

Þetta getur þýtt tap fyrir byggðarlagið svo hundruðum milljóna skipti og þrátt fyrir tal atvinnurekenda um að þeir séu sí og æ að fórna sér og hagsmunum sínum fyrir byggð- arlagið, þá er það augljóst að fórnfýsinni sleppir um leið og kúfurinn minnkar á gróðanum.

J.K. Birt með leyfi höfundar.




ÚR BARÁTTUNNI

HÆKKUN FARGJALDA SVR.

Fargjöld með strætisvögnum hækkuðu nú fyrir skömmu, úr 60kr. í 70kr. hvert far fyrir fullorðna og úr 18 í 20kr. fyrir börn. Um leið fækkaði miðum í 2000kr.-kortum, úr 44 í 38 og barnafarmiðar á 500kr. eru nú 24.

Þjónusta SVR hefur farið versnandi á undanförnum ár- um, á sama tíma og fargjöldin hækka sífellt. Á sama tíma og vetur gengur í garð, er bið- skýlið á Lækjartorgi fært, svo nú híma farþegar upp við vegg Þannig er nú ekkert upphitað skýli fyrir farþega, ekki einu- sinni á aðalstöðvum. Víða vantar skýli á stoppistöðvum og þau fáu sem þar eru veita lítið skjól. Nauðsynlegt er að hafa stærri skýli við t.d fjöl- menna vinnustaði og aðrar fjölmennar stoppistöðvar. Strjálar ferðir vagnanna og sá langi tími sem fer í að ferðast með þeim, eru til þess að hverri fjölskyldu finnst nauð syn að eiga bíl. Það mætti með réttu ætla að stjórnendur SVR séu jafnframt bílainnflytj- endur.

Það væri vert athugunar, fyrir þá sem nota strætó í vinnu eða skóla, að taka sam- an þann tíma sem fer í ferðir að og frá vinnustað, frá því lagt er af stað að stoppistöð og þar til komið er á áfanga- stað. Ekki er óalgengt að þeir sem taka tvo vagna í vinnu., eyði sem svarar heilum vinnu- degi vikulega, í ferðir að og frá vinnustað.



Hin tíu megintengsl

eftir Mao Tse-tung

frh. af bls. 3

meira magni. Nú vaknar spurningin: Er vilji ykkar til að þróa þungaiðnað heilsteypt- ur eða íholur, sterkur eða veikur? Ef vilji ykkar er í- holur eða veikur mun það koma niður á léttaiðnaði og landbúnaði og þið munuð fjár- festa minna í þeim. Ef vilji ykkar er heilsteyptur og sterk- ur, munuð þið leggja áherslu á landbúnað og léttaiðnað til þess að meira verði af korni og hráefnum fyrir léttaiðnað- inn og aukin uppleðsla fjár- magns. Og þá munu verða meiri fjármunir til í framtíð- inni til að festa í þungaiðnað- inum. Tvö sjónarhorn eru á þróun þungaiðnaðarins hjá okkur: Annað að þróa land- búnað og léttaiðnað minna, hitt að þróa þá meira. Þegar til lengdar lætur mun fyrri að- ferðin leiða til minni og hæg- ari þróunar þungaiðnaðarins eða í það minnsta skapa hon- um veikari undirstöður, og þegar heildarkostnaður er reiknaður út, að nokkrum ára- tugum liðnum, mun koma í ljós að hún hefur ekki borgað sig. Seinni aðferðin mun valda meiri og hraðari þróun þungaiðnaðarins og þar sem hún tryggir lífskjör fólksins mun hún leggja traustari hornsteina undir þróun þunga- iðnaðarins.

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

● Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar. sími: 27810 og pósthólf 1357, 121R. einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð. Lindargötu 15. Opið mánud.-föstud 15-18,30

● Akureyri: Jón Atli Játvarðsson. Hafnarstræti23.

● Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsd. Reykjarvíkur- vegi 24.

● Hornafjörður: Skúli Waldorff. Silfurbraut 2.

● Ísafjörður: Kristinn Karlsson. Fjarðarstræti 7.

● Neskaupstaður: Messíana Tómasdóttir. Þiljuvöllum38.

● Snæfellsnes: Sigfús Almarsson. Hellisbraut 10 Hellissandi, og Gísli Hjaltason, pósthólf 63, Stykkishólmi,

● Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallargötu 40c, Keflavík.

Laugarvatn: Einar Jónsson Menntaskólanum Laugarvatni.

● Danmörk: Magnús Þorgrímsson. Börglum Kollegiet v.444 Börglum- vej 2, 8240 Risskov,

● Svíþjóð: Kristján L. Guðlaugsson, Kämnärsvägen 3A:218. 222 46 Lund.

Hin tíu megintengsl
eftir Mao Tse-tung

"Hin tíu megin tengsl" flutti félagi Maó Tse-tung upphaflega sem ræðu á fundi pólitískrar framkvæmdanefndar miðstjórnar Kommúnistaflokks Kína 25. apríl 1956.

Með því að birta ræðuna sem greinaflokk vill Stéttabaráttan gefa lesendum sínum tækifæri til að kynnast nánar þessum mikla leiðtoga kínversku þjóðarinnar

Hér dregur Maó Tse-tung saman reynslu Kínverja sjálfra sem og einnig reynsluna af Sovétríkjunum í sósíalískri byltingu og sósíalískri uppbyggingu. Á meistaralegan hátt dregur hann þetta saman í "tíu megin tengsl" og setur fram hugmyndir sem eru undirstaðan í stefnu sem lögð er til grundvallar í að byggja sósíalismann með stórstígari, hraðari, betri og meiri efnahagslegum árangri, stefna sem fellur að aðstæðum í Kína.

Stéttabaráttan er einnig sannfærð um að lesendur blaðsins geti marga lærdóma dregið af lestri þessa greinaflokks til brúks í eigin starfi að íslensku byltingunni.



Á undanförnum mánuðum hefur stjórnmálanefnd miðstjórnarinnar hlýtt á skýrslur þrjátíu og fjögurra iðnaðar, landbúnaðar, flutnings, verslunar, fjármála og annarra deilda, sem lúta beinni stjórn ríkisvaldsins og greint af skýrslum þessum nokkur vandamál, sem varða uppbyggingu sósíalismans og sósíaliska umbreytingu. Þegar öll kurl koma til grafar er um tíu vandamál að ræða, eða tíu megintengsl.

Glíman við þessi tíu vandamál er háð í ljósi einnar heildarstefnu en hún er sú að virkja öll jákvæð öfl, innlend sem erlend, til þess að þjóna málstað sósíalismans. Fyrr á tímum fylgdum við þessari stefnu að virkja öll jákvæð öfl til að binda endi á yfirráð heimsvaldastefnu, lénsveldis og skrifræðis-kapítalisma og til þess að leiða lýðræðisbyltingu alþýðunnar til sigurs. Nú fylgjum við sömu stefnu til að fylgja eftir sósíalísku byltingunni og byggja sósíalískt land. Samt sem áður eru vandamál í starfi voru, sem þarfnast umræðna. Sérstaklega er athyglisverð sú staðreynd að vissar villur og afbakanir sem sköpuðust á ferli sósíaliskrar uppbyggingar í Sovétríkjunum, hafa komið í ljós að undanförnu. Viljið þið fylgja frávikunum sem þau hafa gert? Okkur tókst að forðast viss frávik fyrir löngu síðan, með því að við lærðum af reynslu þeirra, og nú er öllu ærnari ástæða til að gera slíkt hið sama.

Hver eru hin jákvæðu innri og ytri öfl? Innanlands er verkalýður og bændur meginaflið. Millihóparnir eru öfl sem vinna má til fylgis.

Afturhaldið er neikvætt afl, en við ættum samt sem áður að vinna störf okkar vel og gera okkar besta til þess að breyta þessu neikvæða afli í jákvætt afl. Á alþjóðavettvangi verður að sameina öll þau öfl sem hægt er að sameina, við getum gert þau öfl sem í dag eru hlutdræg að hlutleysingjum, og afturhaldsöflunum má jafnvel sundra og færa sér þau þannig í nyt. Í stuttu máli ættum við að virkja alla krafta, beina jafnt sem óbeina og leggja hart að okkur við að breyta Kína í öflugt sósíalískt ríki.

Nú mun ég ræða um vandamálin tíu.

TENGSLIN MILLI ÞUNGAIÐNAÐAR OG HINS VEGAR LÉTTAIÐNAÐAR OG LANDBÚNAÐAR.

Í uppbyggingu lands vors er lögð aðaláhersla á þungaiðnaðinn. Allir eru á einu máli um það að framleiðsla framleiðslutækja verði að hafa forgang.


En af því leiðir engan vegin að framleiðsla neysluvarnings og sérstaklega kornmetis megi sitja á hakanum. Án nægrar fæðu og daglegra nauðþurfta væri óhugsandi að sjá verkafólkinu fyrir þörfum þess og til hvers væri þá að tala um þróun þungaiðnaðar?

Af þessum sökum verður að meðhöndla tengslin milli þungaiðnaðar annars vegar og léttaiðnaðar og landbúnaðar hins vegar á réttan hátt.

Við höfum ekki gert nein grundvallarmistök í meðhöndlun þessara tengsla. Okkur hefur tekist betur en Sovétríkjunum og mörgum Austur-Evrópulöndunum. Um langan aldur tókst Sovétríkjunum ekki að framleiða korn í sama mæli og mest var framleitt fyrir daga Októberbyltingarinnar. Í nokkrum A-Evrópulöndum hefur hið æpandi ósamræmi milli þungaiðnaðar og léttaiðnaðar valdið alvarlegum erfiðleikum.

Vandamál á borð við þessi eru ekki fyrir hendi í landi voru. Ofuráhersla þeirra á þungaiðnaðinn og vanræksla á léttaiðnað og landbúnað leiðir til skorts á neysluvörum á markaðinum og óstöðugs gjaldmiðils. Við höfum hins vegar skeytt meira um léttaiðnað og landbúnað. Frá byrjun höfum við hlúð að og þróað landbúnaðinn og tryggt þannig í umtalsverðum mæli kornforða og hráefni sem nauðsynleg eru fyrir þróun iðnaðarins.

Allgóður forði nauðþurfta er fyrir hendi hjá okkur og verðlag og gjaldmiðill er stöðugur. Við okkur blasir nú sá vandi, að viðhalda réttu hlutfalli milli fjárfestinga í þungaiðnaði annars



Olíu- og gasframleiðsla hefur aukist hröðum skrefum undanfarin ár í Kína

vegar og léttaiðnaði og landbúnaði hins vegar, til þess að örva þróun hins síðarnefnda.

Er þar með sagt að þungaiðnaður sé ekki lengur aðalatriðið? Hann er það, hann er áfram verður aðaláherslunnar í fjárfestingunni. En hlutfall landbúnaðar og léttaiðnaðar þarf að eflast allnokkuð.

Hver verður afleiðing þessarar aukningar? Í fyrsta lagi mun betur verða séð fyrir daglegum þörfum alþýðunnar. Í öðru lagi mun upphleðsla fjármagns verða hraðari, en það mun gera okkur kleyft að þróa þungaiðnaðinn með meiri og betri árangri. Þungaiðnaður getur líka hlaðið upp fjármagni, en við núverandi efnahagsaðstæður okkar, geta léttaiðnaður og landbúnaður hlaðið því upp hraðar og í

frh. á bls. 2

Nasismi í uppsiglingu

frh. af baksíðu

á sínum tíma. Sósíal-demókratar gegna sama hlutverki, nema hvað staða þeirra sem sporgöngumanna fasismans er enn ljósari í dag en fyrir 4 áratugum. Það eru margir lýðræðissinnar sem sjá hættuna sem felst í þessari þróun og gagnrýna "Járnkanslarann" Schmidt.
Jafnvel Willy Brandt hefur ritað opinbert bréf þar sem hann átelur stefnu stjórnvalda. "Við berjumst gegn hættunni frá vinstri en gleymum hægrivofunni". Og þar hitti þessi formaður þýska sósíaldemókrataflokksins naglann á höfuðið. Orð hans eru meinleg ef söguleg reynsla er höfð í huga. Hafa þeir ekkert lært? Nei, það er ríkisstjórn "lýðræðis-jafnaðarmanna" sem lætur óátalið að gamlir flokksmenn nasista setjist í æðstu stöður innan ríkisvaldsins. Það er þessi ríkisstjórn sem lætur viðgangast samkomur liðsforingja innan hersins til dýrðar Hitler. Sú hin sama, sem grillir enga hættu í gerð kvikmynda sem afsaka Hitler. Ríkisstjórnin leyfir jafnvel óátalið að ungum sósíaldemókrötum sé vikið úr stöðum innan ríkiskerfisins vegna "róttækni".

Og þá getum við svarað þeirri spurningu sem sett var fram í upphafi greinarinnar. Hver er ábyrgur fyrir hryðjuverkunum? Er það ekki einmitt sívaxandi skerðing á frelsi einstaklingsins sem hefur leitt til þessarar uppreisnar sem í mörgum tilfellum leiðist út í einstaklingsbundna ofbeldisaðgerðir, er beinast gegn öllu þjóðfélaginu; villugjarnar baráttuaðferðir án tengsla við verkalýðsbaráttuna.

Ein lítil saga að lokum sem ég held að sé dæmigert fyrir ástandið í Þýskalandi.

Ég átti þess kost fyrir nokkru að hitta einn þeirra fjöldamörgu pólitísku flóttamanna sem þyrpast nú frá V-Þýskalandi í auknum mæli. Það fyrsta sem ég spurði mig um var hvaða "afrek" þessi maður hefði eiginlega drýgt til að teljast meðal hættulegra óvina þýska ríkisins. Var hann í tengslum við Baader-Meinhof? Hafði hann staðið fyrir ólöglegu verkfalli eða hvað? Ó nei, eini glæpurinn sem þessi ungi háskólaborgari hafði framið var að taka þátt í mótmælagöngu gegn verðhækkunum nauðþurfta og lögregluofbeldi. Hvar? Í Heidelberg, þar sem forsætisráðherra fylkisins er gamall flokksmaður þjóðernis-sósíalista og allir æðstu yfirmenn hers og lögreglu yfirlýstir nasistar. Gangan var náttúrulega ólögleg; óðum hermönnum og táragassprengjum hleypt á göngumenn. Eftirmálinn. Fjölda stúdenta stungið í svartholið, enn fleiri neyddir til að hætta námi o.s.frv. Fyrrnefndur þjóðverji fékk í dóm 5 ára fangelsi. Hann kaus að flýja land.

Montpellier 31-10-77

Hækkun álagninga

frh. af forsíðu

þessum og öðrum ámóta kaupránsaðgerðum. Reynslan hefur kennt okkur að borgararnir nota þannig ætíð vald sitt til að skerða kjör launafólks en auka gróða auðherranna. Gegn slíkum árásum hefur launafólk hingað til staðið berskjaldað. Að vísu greiddu fulltrúar launafólks í Verðlagsráði, forystumenn verkalýðshreyfingarinnar, atkvæði gegn hækkun álagningarprósentunnar, og forystumenn hafa látið hafa eftir sér harðorð mótmæli í blöðum vegna hennar.

En þeir hafa líka látið sitja við orðin tóm. Í stað þess að grípa til aðgerða og virkja fjöldann í verkalýðsfélögunum til baráttu gegn slíkum samþykktum til að fá þeim hnekkt láta forystumennirnir sér nægja að fordæma í orði. Þessa starfshætti hefur uppkeypta forystan lengi stundað Afleiðingin hefur orðið sú, að borgararnir hika nú ekki við að gera hverja atlöguna að verkalýðnum á fætur annarri í skjóli þess að hann muni ekki snúast til varnar.



V-ÞÝSKUR LÖGFRÆÐINGUR FRAMSELDUR.

V-þýski lögfræðingurinn Claus Croissant, sem baðst hælis í Frakklandi fyrr á árinu sem pólitískur flóttamaður, hefur nú verið framseldur V-þýskum yfirvöldum. Framsal hans hefur vakið mikla reiði í Frakklandi, en yfirvöld þar hafa bannað allar mótmælaaðgerðir vegna þessa. Í bréfi sem franskt blað birti frá Croissant, segir: "Ef svo skyldi fara að dauða minn bæri að höndum í þýsku fangelsi, þá verður það ekki sjálfsmorð."

Croissant var verjandi nokkurra félaga Baader-Meinhof. Yfirvöld hafa ákært hann fyrir að vera milligöngumann fanga og félaga þeirra utan fangelsis Hver sá sem hefur að einhverju leyti tekið upp varnir fyrir borgarskæruliðana, hefur verið ofsóttur af v-þýskum yfirvöldum. Þannig hafa lögfræðingar borgarskæruliðanna verið ákærðir fyrir að vera sjálfir hryðjuverkamenn, eða aðstoða þá og margir lögfræðingar hafa verið sviftir réttindum, eða þeim meinað að verja meinta borgarskæruliða. Alþjóðasamtök lögfræðinga hafa mótmælt aðgerðum v-þýskra yfirvalda og því broti á grundvallar mannréttindum, sem felst í því að svifta sakborninga réttarvörn.

Burt með afturhaldssama verkalýðsforingja

frh. af baksíðu

atvinnurekendum, sem vilja sundra verkalýðshreyfingunni Ef henni hefði verið fylgt, værum við ennþá í trjánum. Menn sem fylgja henni væru best komnir þar, eins og einn ágætur verkalýðsforingi utan af landi sagði á ráðstefnu Alþýðubandalagsins um verkalýðsmál.

Það er því orðið nokkuð ljóst að tvær stefnur takast á innan verkalýðshreyfingarinnar, stefna ráðamannana sem vilja ganga í sátt og til samvinnu við auðvaldið og svo þeirra hinna sem vilja sameina verkalýðsstéttina til baráttu á grundvelli stéttabaráttunnar gegn auðvaldinu. Aðeins sú leið að taka upp óvægna baráttur gegn auðvaldinu fyrir mikilvægustu kröfu verkafólks í hagsmunabaráttunni, lífvænlegum launum fyrir 40 stunda vinnuviku, mun vekja verkafólkið af þeim þyrnirósarsvefni og félagsdoða sem það er haldið nú í dag. Krafan um að hvert verkalýðsfélag semji fyrir sig, eða að samningarnir verði færðir heim í héruð er einnig mjög mikilvæg til að virkja fjöldann og fá hann til að taka fullan þátt í baráttunni. Þetta eru kröfur sem sameina verkafólk í dag, og ef forysta verkalýðshreyfingarinnar eða hluti hennar er reiðubúinn að berjast fyrir þeim mun það verða til þess, að fjöldinn verður virkur í baráttunni. Þá er leyst úr læðingi það afl sem ekkert fær stöðvað.



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
41.tbl. 22.11.1977

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Óðinsgötu 17a
101 R



Lögreglan í Þýskalandi við verndun fundar er fasistar héldu nýlega í Þýskalandi.

Nasismi í uppsiglingu

Lesendabréf frá Frakklandi

Dularfull "sjálfsmorð" þriggja félaga Baader-Meinhofhópsins, Baaders, Raspe og Ensslin, í þýskum fangelsum fyrir nokkru vekja upp margar spurningar; ekki aðeins varðandi fyrirbrigðið "Baader-Meinhof" heldur og þá þróun sem vestur-þýskt þjóðfélag virðist vera að taka. Hverjir eru í raun ábyrgir fyrir þróun þess sem fjölmiðlar nefna "alþjóðlega hermdarverkastefnu"?

Ríkisstjórn sósíal-fasistans Helmut Schmidt getur verið ánægð nú. Hún hefur unnið eina orrustu. En, nota bene, þessi sigur er aðeins tímabilsbundinn. Ofbeldi fæðir alltaf af sér sífellda andspyrnu sem ekki verður brotin á bak aftur með útrýmingu eins lítils hóps terrorista.

Aðgerðir Baader-Meinhof hópsins áttu í engu skylt við byltingarsinnaðar baráttuaðferðir verkalýðsins; þær þjónuðu endanlega því eina markmiði að gefa vestur-þýskum yfirvöldum tylliástæðu til enn harðari ofsókna á hendur vinstrisinnum. Baader-Meinhof unnu því í raun gegn því markmiði sem þeir sögðust berjast fyrir; þ.e. að grafa undan sívaxandi kúgun vestur-þýskrar borgarastéttar og eflingu ríkisvaldsins.

Í dag eftir nokkurra ára stöðuga hermdarverkastarfsemi B-M, hafa ofbeldistæki þýska ríkisins verið styrkt um allan helming; þúsundir vinstrisinna sitja í fangelsum og margir eru landflótta, atvinnuofsóknir eru tíðkaðar, stúdentafélög eru víða bönnuð og friðsamlegar mótmælaaðgerðir bældar niður með hervaldi. Þessa þróun réttlætir þýsk borgarastétt með Baader-Meinhof. Og, hún fær mikinn hljómgrunn, jafnvel meðal þýskrar alþýðu. Þýskri borgarapressu hefur tekist það ætlunarverk sitt að setja samasem merki milli terrorismans og samtaka marx-lenínista yst til vinstri í hugum milljóna þjóðverja. Afleiðingin: Afnám borgaralega lýðræðisins stig af stigi. 26. september s.l. kröfðust forystumenn flokks kristilegra-demókrata banns á öllum samtökum maóista í Vestur-Þýskalandi. Um er að ræða þrenn samtök: KPD-ML, KPD og KBW (Kommúnistasamtök Vestur-Þýskalands) sem sögð eru öflugust þeirra þriggja.

Þessi krafa lýsir tvennu. Í fyrsta lagi að þýsk borgarastétt hefur ásett sér að afnema allt það skoðanafrelsi sem getur haft hættu í för með sér fyrir völd hennar. Það er byrjað á þeim óvini sem felur mesta hættuna í sér. Kreml-sinnunum og trotskyistunum skal leyft að starfa áfram. Í öðru lagi þá er yfirbragð þessarar þróunar furðu líkt þeim atburðum sem leiddu Hitler til valda

frh. á bls. 3

Afnemum ákvæðisvinnuna

Úr fréttabréfi Verkalýðsfélags Vestmannaeyja

Hér áður fyrri var eitt af aðalbaráttumálum verkalýðshreyfingarinnar að leggja niður ákvæðisvinnu í hvaða mynd sem var. Forsendur þess voru augljós vinnuþrælkun ákvæðisvinnunnar, auk þess hve mismunagreiðslur til verkafólks ykju á ósamlyndi og úlfúð á vinnustað, ákvæðisvinnan væri sem sagt þrándur í götu samheldni og stéttarvitundar verkafólks. Tímakaup átti að skapa jöfnuð í kaupgreiðslum, gera alla jafnrétthá og verða þannig einn þátturinn í því að sameina verkafólk í baráttunni til bættra kjara.

Með tilkomu mannanna í hvítu sloppunum með skeiðklukkurnar, komu atvinnurekendur á svonefndri tímamældri ákvæðisvinnu, þar sem skeiðklukkumenn voru látnir ákvarða hvernig vinna skuli hin ýmsu störf og hve margar (eða fáar) krónur skyldi greiða fyrir hverja einingu, allt undir yfirskyni vísindamennsku að sjálfsögðu

Með tilkomu þessarar vísindalegu vinnuþrælkunar virðist verkalýðshreyfingin hafa gefið upp á bátinn alla baráttu gegn ákvæðisvinnunni, sætt sig við orðinn hlut undir kjörorðinu: Getirðu ekki sigrað þá gakktu þá í lið með þeim. - Það eina sem enn eimir eftir af þessarri baráttu gegn ákvæðisvinnunni er andúð ýmissa framámanna verkalýðshreyfingarinnar á því, sem þeir nefna "slumpakkorð", sennilega vegna þess að skeiðklukkumennirnir hafa hvergi komið nærri því að móta þau, sem sagt, vantar vísindastimpilinn.

Í síðustu kjarasamningum var ákveðið að ákvæðisvinnan tæki ekki sömu hækkunum og almennt tímakaup (25% lægra). Ég tel vafasamt að þar sé að baki sú hugmynd, að með þessu móti sé unnt að hnekkja þessu launakerfi, kveða drauginn niður í áföngum. Enda væri slík aðferð í meira lagi vafasöm, hefði aðeins í för með sér fleiri svitadropa og aukið erfiði fyrir það verkafólk, sem þessi störf vinnur og um leið fleiri krónur í pyngju atvinnurekenda.

Ákvæðisvinna við síldarsöltun er sennilega elst þeirra verkþátta, sem enn eru við lýði hér á landi og ganga undir nafninu "slumpakkorð", flutt hingað með norskum á sínum tíma. (tímamæld ákvæðisvinna er reyndar norskættuð líka). Flestir sem til þekkja eru sammála um að leitun sé að jafn erfiðri og sóðalegri vinnu og síldarsöltun, bæði ákvæðisvinnan og vinna þeirra sem í kringum hana eru, og eru því jafn sammála um að þessi vinna skuli vera vel launuð.

Eitthvað hefur þó farið úrskeiðis hvað söltunarlaun áhrærir; því undanfarin 7 ár hafa söltunarlaun fyrir uppsaltaða tunnu verið að lækka í samanburði við tímakaup.

Árið 1969 voru söltunarlaun 57,67% hærri en tímakaup í dagvinnu (þ.e. söltunarlaun fyrir uppsaltaða tunnu miðað við kaup fyrir eina klst. í dagvinnu), en við nýgerða samninga lækkaði þetta hlutfall niður í 38,75%.

Söltun í hring, sem er 12-14% af vinnunni við að salta tunnu með hring, er í nýgerðum samningum metið til kaups 5,7% hærra en söltun án hrings. Atvinnurekendur greiða því 37,80 kr. fyrir lagið í tunnunni, en 13,67 fyrir lagið í hring.

frh. á bls. 2



Burt með afturhaldssama verkalýðsforingja

Innan verkalýðsfélaganna gerast þær raddir stöðugt háværari sem vilja taka upp baráttu gegn afturhaldssömum verkalýðsforingjum sem ástunda stéttasamvinnu við borgarastéttina. Verkafólk bendir réttilega á að forystumenn Alþýðusambandsins hér í Reykjavík eru fulltrúar fyrir einræði og miðstýringu til að útiloka áhrif verkamanna og smærri verkalýðsfélaga á gang samningamála. Þetta kom berlega í ljós í nýafstöðnum samningum Alþýðusambandsins 22. júní, en í þeirri baráttu vildu forystumennirnir ekki virkja fjöldann með kröfugöngum eða útifundum. Tillögur sem komu fram á fundum verkalýðsfélaga eins og t.d. Dagsbrúnar um að kjarakröfur miðuðust við að við gætum framfleytt okkur af 8 tíma vinnudegi fengust ekki afgreiddar á félagsfundi. Áskorun láglaunaráðstefnu verkalýðsfélagsins Sóknar um að verkalýðshreyfingin berðist fyrir raunverulegri 40 stunda vinnuviku á lífvænlegum launum var sömuleiðis hunsuð. Verkalýðsforingjar utan af landi, sem yfirleitt eru í sterkum tengslum við félagsmenn sína, fengu lítil áhrif að hafa á gang samningamálanna. Kröfum þessara sömu manna um að samningarnir væru færðir heim í héruð, til að hinn almenni félagsmaður fengi að hafa áhrif á gang mála, snúa afturhaldssamir verkalýðsforingjar út úr og segja þær sundra samstöðu verkalýðshreyfingarinnar. Þetta er vissulega alrangt. Því þrátt fyrir að einstök verkalýðsfélög semji sér, þá getur að sjálfsögðu verið um gott samstarf þeirra á milli að ræða. Það er því ljóst hverjir það eru sem vilja sundra samstöðu verkafólksins og forystu hreyfingarinnar og þar með verkalýðshreyfingunni sem einni heild. Þessir afturhaldssömu forystumenn eru ekki eingöngu íhaldsmenn eins og maður kynni að ætla, þá er einnig að finna innan Alþýðubandalagsins, Alþýðuflokksins og annara skyldra flokka. Þeir eru gjarnan kallaðir hinir ábyrgu talsmenn verkalýðshreyfingarinnar af VSÍ, því þeir setja hagsmuni atvinnuveganna og þeirra sem þá eiga og stjórna, ofar hagsmunum verkafólks þegar að samningaborðinu er komið. Þeir reyna að telja okkur trú um að ákveðin peningaupphæð sé til skiptanna milli verkalýðsfélaganna í ASÍ frá atvinnurekendum. Síðan eigum við að slást innbyrðis, og hafa hver sem betur getur. Þessi apakenning sem komin er frá

frh. á bls. 3

Hinir "ábyrgu" forystusauðir verkalýðshreyfingarinnar




Stéttabaráttan

Áskrifta og söluherferðin gengur með ágætum, en henni á að ljúka um áramótin. Þrátt fyrir að nýir áskrifendur telji aðeins 63 er það ekki allur sannleikur í málinu. Tæplega 100 manns eru reynsluáskrifendur fram til áramóta og mun þá koma í ljós hve stór hluti þeirra mun gerast fastir áskrifendur.

Unnið er skipulega að því að bæta tækjakost blaðsins fyrir áramót og verður þá útlit og stæð blaðsins þá allt með betri hætti en verið hefur.

Aukin útbreiðsla-Bættur fjárhagur-Tíðari útgáfa.



Hamarinn sýnir aukningu lausasölunnar frá upphafi herferðarinnr, 1 september s.l. Sigðin telur aukningu áskrifenda á sama tímabili.

Nýjar áskriftir skal póstsenda til: Rauðu Stjörnunnar Lindargötu 15, Pósthólf 1357. S: 27810.